

# ársáætlun



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn  
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

2014






UMHVERFISSTOFNUN



UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2014 er samþykkt af neðangreindum í samræmi við  
árangursstjórnunarsamning milli  
umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar

  
FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR

  
FYRIR HÖND UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIS

# Græn gildi

Ársáætlun 2014 byggir á stefnumótun Umhverfisstofnunar 2013-2017. Jafnframt er horft til stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Ársáætlun er skipt upp eftir markmiðum stofnunarinnar sem eru átta talsins og undir hverju og einu markmiði er að finna yfirlit yfir föst verkefni, fjölda þeirra, málshraðaviðmið og undir hvaða teymi þau heyra. Jafnframt er yfirlit yfir áhersluverkefni og gagnaskil á árinu auk rekstraráætlunar.

Ársáætlun er leiðarljós stofnunarinnar og segir til um hvernig við hyggjumst ná markmiðum okkar og hvernig árangur er mældur í lok árs. Skýr forgangsröðun og gott skipulag er grundvöllur árangurs.

Nokkrar breytingar eru í rekstri stofnunarinnar ár þessu ári. Helst ber að nefna niðurskurð til uppbyggingar á friðlýstum svæðum auk samdráttar í landvörslu. Þá verður dregið úr vinnu við nýjar friðlýsingar. Vonast er til að nýr gjaldstofn, náttúrupassi, verði samþykktur og dragi úr áhrifum þessa niðurskurðar. Vinna við gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði verður hins vegar eflid. Hægjast mun verulega á vinnu samkvæmt lögum um stjórn vatnamála en áhersla verður lögð á að tapa ekki þekkingu í málaflokknum þar til fjármögnun fæst. Ný efnalög tóku gildi á árinu 2013 og verður mikil vinna á árinu við að innleiða þær nýjungar sem þau fela í sér.

Í byrjun árs 2013 var skipulagi stofnunarinnar breytt og er nú unnið í teyimum með hugmyndafræði verkefnastjórnunar að leiðarljósi. Mikilvægt er að sviðin og teymin vinni í takt og því verður farið í sérstakt átak til að tryggja samræmd vinnubrögð. Áfram verður lögð áhersla á að mæla árangur og gera hann sýnilegan innanhúss sem utan.

Við viljum ná betri árangri í þjónustu okkar. Þar skiptir málshraði miklu máli sem við höfum verið að bæta á undanförunum árum. Til dæmis má nefna að málshraði almennra fyrirspurna fór úr 11 dögum í tæpa tvo milli ára. Við viljum líka auka verulega rafræna þjónstu og draga úr pappírnotkun. Aðgengi að upplýsingum hefur aukist og má vænta þess að það verði bætt enn frekar og ný upplýsingastefna tekur gildi um áramót.

Við hyggjumst eiga enn meira og ítarlegra samráð og samstarf við samstarfs- og hagsmunaaðila. Þannig aukum við líkurnar á því að ná betri sátt og tryggja bætt umhverfsgæði. Nokkuð hefur verið rætt um einföldun í regluverki og tekur Umhverfisstofnun heilshugar undir það sjónarmið að ná þeim árangri sem ætlast er til með sem einföldustum hætti og mögulegt er.



# Mannauðsmál

Mannauðsmálin hjá Umhverfisstofnun hafa verið lifandi málaflokkur sem hefur þróast í takt við áherslur hverju sinni. Ákveðnir þættir eru í föstum skorðum og ferlar skýrir, allt frá ráðningu starfsmanns til starfsloka en aðrir fá sinn gerjunartíma. Til þess að fylgja eftir stefnum og straumum í faggreininni og ekki síst þörfum stofnunar hverju sinni, er mikilvægt að árlega sé unnið að umbóta- og áhersluverkefnum. Hér verður gerð grein fyrir áætluðum áhersluatriðum ársins 2014.

Ný stefna Umhverfisstofnunar með skipuritsbreytingum á árinu 2013 kallar á endurskoðun starfsmannastefnu en núverandi stefna er frá janúar 2009. Stefnan sjálf hefur verið skilvirk að því leyti að hver þáttur hennar er með tengingu í verkferil eða nánar gerð grein fyrir í starfsmannahandbók.

Á árinu verður lagt í hið þarfa verkefni að starfs- og hæfnigreina störf með ítarlegri hætti heldur en áður hefur verið gert. Ágætis starfslýsingar hafa verið til um árabíl fyrir nær hvert starf en betur má ef duga skal. Starfsgreining er ferli sem felur í sér skilgreiningu og skráningu upplýsinga um eðli

ákveðins starfs. Nákvæm lýsing er gerð á hverju starfi til að skilgreina það. Niðurstöður eru notaðar þegar kröfur um hæfni til starfs eru ákveðnar. Starfsgreining verður unnin í tengslum við starfsmannasamtöl á vormisseri og í samstarfi við starfsmenn. Mikið af upplýsingum sem koma fram í starfsgreiningu eru þegar til í núverandi starfslýsingum en til að bæta um betur verður nú rýnt sérstaklega í tilgang með starfi og ábyrgð sem fylgir því. Samhliða og í framhaldi af starfsmannasamtölum verður unnið að hæfnigreiningu starfa. Mikilvægt er að ljóst sé hvaða kröfur um hæfni eru gerðar til að sinna hverju starfi, hvort heldur sem er fyrir starfsmenn sem eru í starfi eða umsækjendur um störf. Hæfnikröfur lúta að þekkingu, færni og viðhorfi. Greining og kröfur sem gefa rétta mynd af starfi veita tækifæri til að meta þörf á viðbótarfræðslu og þjálfun og eru undirstaða skilvirkra starfsmannasamtala. Greining af þessum toga er einnig fódur inn í launagreiningu en áhugi hefur verið hjá stjórnendum að vinna í átt að jafnlaunastaðli, sem tengist launajafnrétti kynja.

## Framtíðarsýn Umhverfisstofnunar

*Við gegnum leiðandi hlutverki í sjálfbærri þróun í samfélaginu í þágu allra landsmanna og náttúrunnar.*

### VIÐ NÁUM ÞESSU FRAM MEÐ ÞVÍ AÐ

- » Afla, meta og miðla bestu upplýsingum og þekkingu um ástand umhverfisins.
- » Beita stýrandi og hvetjandi aðgerðum til árangurs
- » Efla samráð og veita góða þjónustu

- » Búa yfir nauðsynlegu skipulagi, þekkingu, stjórnartækjum og verkfærum
- » Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum

Markmiðin sem sett eru fram myndrænt eru sex umhverfismarkmið sem endurspegla megináskoranir okkar í umhverfismálum. Undirstaða þeirra eru tvær stöðir sem snúa að samvinnu, verklagi og aðbúnaði til þess að ná árangri.



# Ný upplýsingastefna

Gildandi upplýsingastefna tók gildi á árinu 2009 í kjölfar skipulagsbreytinga á árinu 2008. Þá var stofnað sérstakt svið fræðslu- og upplýsinga og aukin áhersla lögð á miðlun upplýsinga. Smátt og smátt mótaðist nýtt verklag í kringum upplýsingamálin og aðgengi að upplýsingum aukið.

Á árinu 2013 var stefna stofnunarinnar til næstu fimm ára mótuð og stefna síðastliðinna ára gerð upp. Af því tilefni var rétt að endurskoða upplýsingastefnuna. Upplýsingastefnan tekur talsverðum breytingum en í henni eru engin nýmæli. Í raun er hún útlístan á því verklagi sem mótaðist frá árinu 2008. Leiðarljós okkar hafa verið að miðla meira en minna og að upplýsingar séu á mannamáli.

Upplýsingar skipta miklu máli og meðal þess sem við leggjum áherslu á er gagnsæi og frumkvæði eins og sjá má í miðlun upplýsinga um eftirlit með mengandi starfsemi. Í þeim málaflokki erum við fremst í Evrópu skv. IMPEL samtökunum. Þá höfum við veitt fjölmiðlum forgangsbjónustu og viljum vera leiðandi í opinberri umræðu um umhverfismál. Við forðumst aldrei slíka umræðu. Rúm tvöföldun í umfjöllun um verkefni stofnunarinnar í fjölmiðlum frá 2009 er til marks um þær áherslur og bættan árangur í miðlun upplýsinga.

## UPPLÝSINGASTEFNA UMHVERFISSTOFNUNAR

Við viljum vera leiðandi í opinberri umræðu um umhverfismál. Í því felst að koma á framfæri upplýsingum um **stöðu mála** og taka fagnandi allri umræðu um okkar verkefni. Við forðumst aldrei opinbera umræðu og **veitum alltaf bestu upplýsingar**. Við höfum það að leiðarljósi að **miðla meira heldur en minna** og leggjum okkur fram um að finna upplýsingar fyrir þá sem óska eftir þeim (meðal svartími almennra fyrirspurna er innan við tveir dagar).

**Upplýsingar skipta máli** og eru mikilvægar þegar teknar eru ákvarðanir um umhverfismál. Við viljum áfram vera leiðandi í Evrópu í upplýsingamiðlun um mengandi starfsemi og viljum ná sama árangri í öllum okkar málaflokkum. Það skiptir máli að upplýsingar séu **á mannamáli og aðgengilegar í gegnum vef**.

Við veitum fjölmiðlum **forangsbjónustu** og geta þeir náð sambandi við okkur hvenær sem er. Sé það mögulegt svörum við þeim alltaf


**samdægurs**. Upplýsingum um neikvæða stöðu mála, s.s. mengun eða skemmdir á náttúru, er komið á framfæri **við fyrsta tækifæri** (innbyggt í gæðakerfinu okkar).

**Ábyrg og örugg** varsla gagna er mikilvæg sem og að upplýsingar séu byggðar á **traustum og áreiðanlegum** gögnum. **Fagmennska** er eitt af fjórum gildum stofnunarinnar.

Við nýtum þau tæki og tól sem gera okkur kleift að miðla upplýsingum með **einföldum og skýrum hætti**, s.s. samfélagsmiðla. **Aðgengi allra hópa** samfélagsins að upplýsingum er mikilvægt og því fylgjum við eftir þeim kröfum sem gerðar eru og göngum lengra ef við getum.

Við trúum á **samráð og samvinnu**. Ábendingar almennings eru gögn sem nýtast við ákvarðanir. Opnir fundir eru haldnir í aðdraganda stærrí ákvarðana og vegna þeirra mála sem sérstakur áhugi er á. Fólk gefst færi á að **fylgjast með** og **koma á framfæri** athugasemdum. Við fundum reglulega með þeim sem við þjónustum.

## Leiðandi stofnun



### Fagmennska

Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almennings til upplýsinga um öll okkar störf.

### Samvinna


Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.

### Framsýni

Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

### Virðing

Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heidarleika og sanngirni.





## Verkefnin tala sínu máli

Verkefni ársins 2014 eru birt undir viðeigandi markmiðum. Þau sýna þá aðgerðaráætlun sem fara skal eftir til þess að ná þeim markmiðum sem stofnunin hefur sett sér að vinna að til ársins 2017. Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til þess að ná betri árangri. Tengsl eru á milli áhersluverkefna og afgreiðsluverkefna og undir liðinn áhersluverkefni eru eingöngu sett þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til þess að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt og sinni lögbundnum afgreiðsluverkefnum. Í yfirliti yfir fjölda afgreiðsluverkefna eru settar fram rauntölur ásamt mati á því hver fjöldi þeirra verði á næsta ári. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi og að hér eru eingöngu

tiltekin helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar. Þau árlegu gagnaskil sem stofnunin ber ábyrgð á er hægt að finna undir viðeigandi markmiði.

Í yfirliti yfir afgreiðsluverkefni eru sett fram málshraðaviðmið þar sem það á við. Málshraði er gefinn upp í dögum og eru frídagar innifaldir í heildartölu nema málshraði sé skemmri en fimm dagar.

# Hreint loft & takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Við viljum hreint loft hvar sem er á landinu. Loftgæði verða að standast kröfur á landsvísu og alþjóðamælikvarða. Íslendingar eiga að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar í loftslagsmálum. Upplýsingar um loftgæði og loftslagsmál verða aðgengilegar öllum.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Allar loftgæðamælistöðvar á vefkort.	Loftmengunarteymi
Stöðuskýrsla vegna loftmengunarefna ef hættu er á að losunin fari yfir mörk	Loftmengunarteymi
Undirbúningur fyrir upptöku loftgæðastjórnunarkerfis	Loftmengunarteymi
Aðgerðaráætlun um eftirfylgni í ETS	Loftmengunarteymi
Verkferlar fyrir ETS vinnu	Loftmengunarteymi

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRÁÐI
Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	5	5	5	5	0	9	Loftmengunarteymi	60
Afgreiðsla umsókna um losunarleyfi vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	20	4	0	3	0	5	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði					4	5	Loftmengunarteymi	
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	1	10	0	0	0	0	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna flugs	15	20	34	30	41	1	Loftmengunarteymi	-
Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs	1	100	33	30	31	0	Loftmengunarteymi	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda	18	25	7	7	0	5	Loftmengunarteymi	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	-	50	17	20	27	5	Loftmengunarteymi	-

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skýrsla um innflutning ósóneyðandi efna	UNEP	30. september	Efnateymi
Skýrsla um ósóneyðandi efni	ESA	3. mars	Efnateymi
ETS. Skýrsla um framkvæmd viðskiptakerfis	ESA	30. júní	Loftmengunarteymi
ETS. Upplýsingar um eftirlitsáætlanir um losun flugrekenda	EUROCONTROL	31. desember	Loftmengunarteymi
ETS. Losunarskýrslur flugrekenda	ESA	31. desember	Loftmengunarteymi
Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15. apríl	Loftmengunarteymi
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15. apríl	Loftmengunarteymi
Töluleg gögn um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15. febrúar	Loftmengunarteymi
Skýrsla um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15. febrúar	Loftmengunarteymi
Skýrslur um loftgæði og loftgæðamælingar	ESA	30. september	Loftmengunarteymi
Tölur um styrk óson að sumarlagi	EEA	Rauntímagögn	Loftmengunarteymi
Mánaðarleg samantekin gögn um óson	ESA	Mánaðarlega	Loftmengunarteymi
Árleg samantekt um óson	ESA	30. september	Loftmengunarteymi
Skýrsla um áætlanir og aðgerðir í loftgæðamálum	ESA	31. desember	Loftmengunarteymi
Loftgæðagögn frá mælistöðvum	ESA	1. október	Loftmengunarteymi



# Verndun náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir. Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu. Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður eft. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Verndaráætlanir fyrir eldri friðlýst svæði (8)	Friðlýsingateymi
Forgangsröðun verndaráætlana	Friðlýsingateymi
Eyðing lúpínu á friðlýstum svæðum	Náttúrusvæðateymi
Gera öryggisáætlun og áhættumat fyrir öll mönnuð friðlýst svæði	Náttúrusvæðateymi
Forgangsröðun um gerð umsjónarsamninga við lögaðila um friðlýst svæði	Náttúrusvæðateymi
Árlegir fundir með umsjónaraðilum friðlýstra svæða	Náttúrusvæðateymi
Yfirlit yfir vöktun/rannsóknir á rauðlistuðum friðlýstum svæðum	Náttúrusvæðateymi
Málþing um stýringu ferðamanna	Náttúrusvæðateymi
Big Green Weekend	Náttúrusvæðateymi

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Friðlýsingar	7	5	3	5	4	1	Friðlýsingateymi	-
Ársfundur náttúruverndarnefnda	-	-	1	1	1	1	Friðlýsingateymi	-
Skýrsla um friðlýsingar	2	1	1	1	1	1	Friðlýsingateymi	-
Landvarðanámskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	Náttúruverndarteymi	-
Fjöldi sjálfbóðaliðavikna	640	480	444	400	493	335	Náttúruverndarteymi	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	6	6	19	20	9	10	Náttúruverndarteymi	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	Náttúruverndarteymi	-
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	21	15	18	20	8	12	Náttúruverndarteymi	-
Útgefnið bæklingar	6	4	4	4	0	0	Náttúruverndarteymi	-
Fjöldi landvörsluvikna	162	199	199	163	220	167	Náttúruverndarteymi	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	-	-	0	1	1	1	Náttúruverndarteymi	-
Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	67	-	73	72	68	70	Veiði- og verndarteymi	60

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skrá yfir verndarsvæði (CDDA-1)	EEA	15. mars	Friðlýsingateymi

# Verndun hafs & vatns

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint. Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

## Áhersluverkefni

TEYMI

Úttekt á framkvæmd eftirlits með fráveitum og skólpi	Haf- og vatnsteymi
Drög að reglugerð um stjórnsýslu vegna MARPOL viðauka í heild	Haf- og vatnsteymi
Viðbragðsáætlanir hafna staðfestar af Umhverfisstofnun	Haf- og vatnsteymi
Mat á endurnýjun og viðhaldi mengunarvarnabúnaðar	Haf- og vatnsteymi
Undirbúningur stjórnsýslu umhverfisáhrifa olíuleitar og -vinnslu	Haf- og vatnsteymi
Samstarfssamningur UST LHG og Samgöngustofu.	Haf- og vatnsteymi
Drög að vöktunaráætlun vatns send til umsagnar	Haf- og vatnsteymi

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRÆÐI
Leyfi fyrir varpi í hafið	4	4	4	2	17	3	Haf- og vatnsteymi	30
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	1	1	1	1	0	0	Haf- og vatnsteymi	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	-	-	50	15	17	3	Haf- og vatnsteymi	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	0	0	0	2	0	1	Haf- og vatnsteymi	-

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	
Skýrsla um framkvæmd skóptilskipunar	ESA	Eftir þörfum	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í sjó (ME-1)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í ám (EWN-1)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í stöðuvötnum (EWN-2)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um mælingar í grunnvatni (EWN-3)	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Gögn um losun efna í vatn	EEA	31. október	Haf- og vatnsteymi
Framburður efnamengunar með ám (RID)	OSPAR	1. nóvember	Haf- og vatnsteymi
Skýrsla um varp á úrgangi í hafið	OSPAR	1. október	Haf- og vatnsteymi
Skýrsla um óhöpp, losun og frárennsli frá olíustöðvum á sjó	OSPAR	1. nóvember	Haf- og vatnsteymi
Verndarsvæði í sjó	OSPAR	31. desember	Haf- og vatnsteymi
Arctic Monitoring and Assessment Programme	AMAP	Eftir þörfum	Haf- og vatnsteymi
Innflutningur svartolíu	IMO	20. apríl	Haf- og vatnsteymi
Flokkun vatna í vatnshlot	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Greining á álagi á vatn og áhættumat	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Efnahagsleg greining	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Verndarsvæði tengd vatni	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Vatnshlot til neysluvatnstöku >10m <sup>3</sup> />50 manns	ESA	1. maí	Haf- og vatnsteymi
Monitoring Programme (CEMP)	OSPAR	31. júlí	Haf- og vatnsteymi
Eftirlitsflug og mengunaráhöpp	CPH	15. september	Haf- og vatnsteymi

# Heilnæmt umhverfi

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Tryggja að á markaði séu ekki efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni. Við stuðlum að því að framleiðendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og almenningur upplýstur um rétt sinn. Við vinnum að bættri hollustuvernd með samræmingu og í samstarfi við heilbrigðisnefndir.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Úttekt á þekkingu verslunarinnar um skyldur sínar	Efnateymi
Kynningarátak til neytenda um efni á kandidatalista Efnastofnunar Evrópu	Efnateymi
Úttekt á notkun plöntuvarnarefna á Íslandi	Efnateymi
Upplýsingasiða um kortlagningu hávaða	Neytendateymi
Handbók um hollustuhætti fyrir eftirlitsaðila - kafli um innivist	Neytendateymi

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Starfsréttindaleyfi meindýraeyða og garðaúðara	74	46	38	45	12	0	Efnateymi	20
Notendaleyfi					0	120	Efnateymi	
Umsagnir um undanþágu frá skráningu varnarefnis	31	20	5	5	22	0	Efnateymi	7
Umsagnir um skráningu varnarefnis	7	10	28	30	19	0	Efnateymi	60
Umsagnir um sölualeyfi eitur- og varnarefna	9	13	7	0	5	0	Efnateymi	
Veiting tímabundinnar skráningar fyrir plöntuvarnarefni	-	-	-	35	47	25	Efnateymi	
Veiting markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni skv. reglugerð (EB) 1107/2009	-	-	-	3	0	0	Efnateymi	
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi skv. nýrri reglugerð				0	0	8	Efnateymi	
Umsagnir til að kaupa og nota varnarefni (XA-leyfi)	55	20	31	45	12	0	Efnateymi	
Útgáfa á markaðsleyfum fyrir sæfiefni	0	10	6	6	0	4	Efnateymi	90

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skýrsla um þrávirk lífræn efni	ESA	20. maí	Efnateymi
Skýrsla um gæði fljótandi jarðefnaeldsneytis	ESA	30. júní	Efnateymi
Skýrsla um magn brennisteins í fljótandi eldsneyti	ESA	30. júní	Efnateymi



# Sjálfbær nýting auðlinda

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða. Við munum halda auðlindabókhald. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	5	6	8	8	9	7	Eftirlitsteymi	-
Leyfi til urðunar á sóttmengudum dýráurgangi	14	15	9	10	18	2	Neytendateymi	3
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa			20	18	18	18	Neytendateymi	30
Leyfi til að mynda á friðlýstum svæðum	-	15	20	20	33	35	Umsagna- og leyfisteymi	15
Leyfisveitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum	37	45	68	70	29	40	Umsagna- og leyfisteymi	15
Eftirlit með framkvæmdum á friðlýstum svæðum	37	45	35	45	22	30	Umsagna- og leyfisteymi	-
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	2	2	5	6	2	3	Umsagna- og leyfisteymi	90
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	32 (800)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	23(701)	24(650)	Veiði- og verndarteymi	-
Fjöldi veiðinámskeiða	32 (800)	28 (700)	22 (650)	24 (650)	23(666)	24(650)	Veiði- og verndarteymi	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	2	0	1	0	0	Veiði- og verndarteymi	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	95%	-	89%	95%	92%	95%	Veiði- og verndarteymi	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	12942	13000	11065	12000	11715	12000	Veiði- og verndarteymi	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	3879	4000	4327	4000	3610	4000	Veiði- og verndarteymi	-
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	-	100	90	30	5	5	Veiði- og verndarteymi	40
Útgefin veiðikort	12665	12000	11896	12000	12065	12000	Veiði- og verndarteymi	3
Útgefin leyfi vegna hreindýraveiði	1001	1009	997	1229	1195	1277	Veiði- og verndarteymi	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	16	21	12	15	19	20	Veiði- og verndarteymi	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	16	26	36	40	18	20	Veiði- og verndarteymi	-
CITES leyfisveitingar	25	30	26	26	31	30	Veiði- og verndarteymi	15
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	1	2	1	1	0	2	Veiði- og verndarteymi	14
Umsagnir um undanþágur á innflutningi á framandi lífverum	2	5	4	3	1	3	Veiði- og verndarteymi	-
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn	31		16		14	12	Veiði- og verndarteymi	



## Áhersluverkefni

TEYMI

Fræðslufundur fyrir hagsmunaaðila um úrgangsstjórnun	Neytendateymi
Vefsíða fyrir atvinnulífð um flutning úrgangs milli landa	Neytendateymi
Bætt eftirlit með hreindýraveiðum.	Veiði- og verndarteymi
Samstarfsfundir með hagsmunaaðilum um skotveiðar.	Veiði- og verndarteymi
Gera tillögu um lengingu veiðikortanámskeiðs.	Veiði- og verndarteymi
Spurningar og svör fyrir skotveiðimenn	Veiði- og verndarteymi

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Vatnsauðlindin og vatnsnotkun (EWN-4)	EEA / EUROSTAT	31. október	Haf- og vatnsteymi
Urðun úrgangs - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 1999/31/EC	ESA	30. september	Neytendateymi
Olíuúrgangur - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 75/439/EEC	ESA	30. september	Neytendateymi
Seyra - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 86/278/EEC	ESA	30. september	Neytendateymi
Árleg viðbótarskýrsla um flutning á úrgangi	ESA	31. desember	Neytendateymi
Árleg skýrsla til Basel samningsins	SBC	31. desember	Neytendateymi
Umbúðaúrgangur - Tölfræði og staða markmiða árið 2012	Hagstofu	30. júní	Neytendateymi
Umbúðir - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 94/62/EC	ESA	30. september	Neytendateymi
Tölfræði fyrir árið 2012 til birtingar í Landshögum	Hagstofu	1. september	Neytendateymi
Sustainable Development Indicator on Municipal Waste fyrir árið 2013	Hagstofu	1. nóvember	Neytendateymi
Kortlagning hávaða fyrir stóra vegi og þéttbýlissvæði	ESA	15. júlí	Neytendateymi
Heildartölfræði fyrir árið 2012 skv. regulation 2150/2002	Hagstofu	30. júní	Neytendateymi
Heimilísúrgangur og byggingar- og niðurrífsúrgangur - Staða markmiða fyrir árið 2012	Hagstofu	30. september	Neytendateymi
Rammtilskipun um úrgang - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2008/98/EC	ESA	Á árinu	Neytendateymi
Títaniumdíoxíðiðnaður - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 78/176/EEC	ESA	30. september	Neytendateymi
Skýrslur um framkvæmd tilskipana um erfðabreyttar lífverur	ESA	Eftir þörfum	Umsagna- og leyfisteymi
Skýrsla um erfðabreyttar lífverur.	ESA	31. desember	Umsagna- og leyfisteymi
Skýrslur til samnings um verslun með lífverur í útrýmingarhættu	CITES	31. október	Veiði- og verndarteymi
Skýrsla með upplýsingum um innleiðingu aðgerða	CITES	Eftir þörfum	Veiði- og verndarteymi

# Grænt samfélag

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun. Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerktar vöru í innkaupum almennings. Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Könnun á valkostum til að draga úr plastpöknotkun	Neytendateymi
Koma á innkaupaneti Svansins	Neytendateymi
Gerð kynningarefnis um hvernig stofnanir geta náð árangri í grænum rekstri	Upplýsingateymi
Fræðsla um almennarétt og ábyrgð og skyldur fólks	Umsagna- og leyfisteymi

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	47	70	51	50	53	50	Eftirlitsteymi	
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi			8	7	9	8	Eftirlitsteymi	-
Umsóknir um Svansleyfi	8	10	4	5	5	5	Neytendateymi	-
Yfirferð árskýrslna leyfishafa Svansins	6	17	17	24	20	25	Neytendateymi	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	5	16	16	24	18	23	Neytendateymi	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins					5	0	Neytendateymi	-
Útgefin Svansleyfi	3	4	7	7	3	3	Neytendateymi	-
Endurvottun Svansleyfi						9	Neytendateymi	-

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	TEYMI
Skýrsla um útstremisbókhald (e-PRTR)	ESA	31. mars	Eftirlitsteymi

# Samþætting & eftirfylgni

Við viljum tryggja bætta framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bætta þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Eftirlit með viðarvarnarefnum	Efnateymi
Fræðsla um staðgengilsfni í stað ósoneyðandi efna og gróðurhúsalofttegunda.	Efnateymi
Áætlun um sýnatöku vegna mengunareftirlits	Eftirlitsteymisteymi
Endurskoðun á tíðni eftirlits í samræmi við áhættumat	Eftirlitsteymi
Úttekt á reykheinsvirkjum (Pokasiuvirki).	Eftirlitsteymi
Jákvæðir hvatar í eftirliti	Eftirlitsteymi
Gagnagrunnur fyrir eftirlit HES	Gagnateymi
Eftirlitsgagnagrunnur um framkvæmdir á friðlýstum svæðum	Gagnateymi
Mat á árangri umsagna Umhverfisstofnunar um skipulagstillögur	Umsagna- og leyfisteymi
Ráðstefna með systurstofnunum um eftirlit og samvinnu - sameiginleg sýn	Yfirstjórn

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRÁÐI
Tillögur að reglugerðum	11	19	18	16	18	15	Eftirlitsteymi	-
Greiningar á EES - gerðum	78	65	90	66	142	100	Eftirlitsteymi	-
Mengunarvarnareftirlit	120	143	150	160	144	140	Eftirlitsteymi	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnareftirlits	-	-	43	35	46	40	Eftirlitsteymi	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	42	35	39	32	24	30	Umsagna- og leyfisteymi	-
Umsagnir vegna stjórnisýslukæra	10	10	5	6	1	3	Umsagna- og leyfisteymi	14
Mat á umhverfisáhrifum	37	37	35	45	55	50	Umsagna- og leyfisteymi	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	108	110	119	120	203	210	Umsagna- og leyfisteymi	120
Starfsleyfi - útgefin	11	20	12	18	6	15	Umsagna- og leyfisteymi	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	24	31	20	15	25	25	Umsagna- og leyfisteymi	14

# Leiðandi stofnun

Við viljum starfa í öflugri stofnun þar sem skipulag, þekking, tæki og tól eru til staðar til að veita landsmönnum góða þjónustu. Við viljum geta sinnt skyldum okkar og verkefnum í átt að sjálfbærri þróun. Við stuðlum að því að vera eftirsóttur vinnustaður sem við erum stolt af og erum fremst á okkar sviði. Við notum gagnsæ og öguð vinnubrögð og leggjum áherslu á að vinna með fólki.


## Áhersluverkefni

	TEYMI
Framkvæma þjónustukönnun	Gagnateymi
Rafræn afgreiðsla umsókna	Gagnateymi
Umsókn um rafræn skil til Þjóðskjalasafns	Gagnateymi
Þjálfun starfsfólks um svörum með þjónustulund að leiðarljósi	Rekstrarteymi
Innleiðingaráætlun fyrir upplýsingatæknistefnu	Rekstrarteymi
Eignaskráning Umhverfisstofnunar	Rekstrarteymi
Gerð leiðbeininga á heimasíðu fyrir umsóknir um leyfi	Umsagna- og leyfisteymi
Útbúa áætlun um kynningu á nýjungum í lögum og reglugerðum	Umsagna- og leyfisteymi
Greina skyldur um miðlun upplýsinga í lögum	Upplýsingateymi
Þarfagreining á Mobile vefsíðu Umhverfisstofnunar	Upplýsingateymi
Þarfagreina og forgangsráða gerð appa (stefja, notra, stubbur)	Upplýsingateymi
Birta umsagnir utanaðkomandi aðila/almennings á vef	Upplýsingateymi
Umhverfisstofnun hafi frumkvæði að "grænum samningum"	Yfirstjórn
Engin munaðarlaus reglugerð né verkefni henni tengd	Yfirstjórn
Hæfnigreining starfa	Yfirstjórn
Halda árlega samstarfsfund með umhverfis- og náttúruverndarsamtökum	Yfirstjórn
Halda árlega samráðsfund með atvinnulífi	Yfirstjórn
Gerð framgangskerfis	Yfirstjórn
Endurskoðun á aðferðafræði við rýni gæðaráðs á gæðakerfi	Yfirstjórn
Endurskoðun á nauðsyn lokafundar vegna innri úttektar	Yfirstjórn
Endurskoðun á ábendingakerfi og flokkun ábendinga	Yfirstjórn
Sett verði markmið um hlutfall fjölda fjarfunda í alþjóðasamstarfi	Yfirstjórn
Aðgangsstýringar að gagnagrunnum sem innihalda fjárhagsupplýsingar	Yfirstjórn
Samræming starfslýsinga - skýr ábyrgð í starfslýsingum	Yfirstjórn

## Afgreiðsluverkefni

	RAUNTÖLUR 2011	ÁÆTLUN 2012	RAUNTÖLUR 2012	ÁÆTLUN 2013	RAUNTÖLUR 2013	ÁÆTLUN 2014	TEYMI	MÁLS- HRADI
Útgáfa ársskýrslu	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	
Útgáfuaáætlun	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	
Útgáfa umhverfisskýrslu	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	
Útgáfa ársáætlunar	1	1	1	1	1	1	Upplýsingateymi	






## Helstu rekstrarliðir

Enn á ný hefur Umhverfisstofnun verið gert að draga úr rekstri sínum vegna niðurskurðar í ríkisrekstri. Í fjárlögum fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að gjöld stofnunarinnar verði lækkuð vegna sparnaðar um 28,9 m.kr. Ennfremur er stofnuninni gert að auka tekjur sínar um 28,4 m.kr. og koma gjaldaheimildir á móti. Eitt nýtt verkefni bætist við í fjárlögum ársins 2014 en þar er um að ræða ný efnalög sem sett voru á síðast ári og er fjárveiting vegna þeirra 30 m.kr. Hins vegar falla niður fjárveitingar vegna flutnings dýraverndarmála til Matvælastofnunar, 9 m.kr., vegna rammaáætlunar, 28 m.kr., vegna náttúrverndaráætlunar, 6 m.kr., vegna IPA-verkefna 13,2 m.kr. og vegna framkvæmda sem fjármagna átti af Fjárfestingaáætlun 105 m.kr. Ennfremur lækkar fjárveiting vegna innleiðingar vatnatilskipunar úr 85 m.kr. í 10 m.kr. eða um 75 m.kr. Fjárveiting vegna gistináttaskatts hækkar um 5,9 m.kr. og vegna framkvæmda í Snæfellsjökulspjóðgarði um 30 m.kr. Vegna ofantalinna verkefna og launa- og verðlagsbóta lækka gjaldaheimildir um 128,8 m.kr. og verða 1.166,7 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rúmlega 375 m.kr. verði innheimtar í sértekjur og markaðar tekjur. Ríkissjóður mun því greiða 790,9 m.kr. til stofnunarinnar vegna ársins 2014. Ljóst er að enn sem fyrr þarf að gæta ítrasta aðhalds í rekstri.

Við gerð rekstraráætlunar voru sett upp sparnaðarmarkmið fyrir hvert svið stofnunarinnar og sviðsstjórum gert að skila tillögum í samræmi við þau. Markmiðin voru mismunandi milli sviða enda eðli rekstrarins mismunandi. Nú þegar hefur 6 starfsmönnum verið sagt upp og ekki verða framlengdir samningar hjá 3 starfsmönnum sem eru ráðnir tímabundið.

Áfram verður lögð áhersla á endurskoðun verkferla til að viðhalda gæða- og umhverfissvottun stofnunarinnar. Markmiðið er sem fyrr að stofnunin viðhafi nútímaleg vinnubrögð og gagnsæi í fjármálastjórnun. Eftirfylgni fjármála er þannig háttáð að mánaðarlega fara sviðsstjórar yfir stöðu útgjalda og tekna síns sviðs gagnvart rekstraráætlun með fjármálastjóra. Niðurstaða þessara funda og heildarstaða stofnunarinnar er síðan rædd á yfirstjórnarfundi. Áfram verður fylgst sérstaklega með þeim tekjum sem innheimta á en stofnunin gerir ráð fyrir að innheimta um 332,3 m.kr. á árinu sem sértekjur og ríkistekjur.

Hér á eftir verður fyrst farið yfir helstu gjaldaliði hjá stofnuninni, síðan helstu tekjuliði eftir hvort um er að ræða markaðar tekjur, sértekjur eða ríkistekjur. Að lokum er gerð grein fyrir nokkrum sjóðum sem Umhverfisstofnun hefur umsjón með ásamt stærri verkefnum.



## Gjaldaliðir

Í rekstraráætlun er gert ráð fyrir að heildargjöld stofnunarinnar verði 1.176,1 m.kr. sem er eilítið hærra en gert er ráð fyrir í fjárlögum 2014. Á móti kemur að óskað er eftir heimild til að nýta 68,5 m.kr. inneign á framkvæmdafé frá fyrri árum.

## Tekjuliðir

### SÉRTEKJUR

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir 119,5 m.kr. í sértekjur á árinu 2014 sem er lækkun frá fyrra ári og skýrist mest af lækkuðum tekjum af eftirliti með framkvæmdum og vegna námskeiðsgjalda. Aðrar helstu sértekjur stofnunarinnar vegna norræna umhverfismerkisins (Svansins) og endurgreiðslur á ferðakostnaði vegna erlends samstarfs. Ennfremur eru tekjur af aðgangseyri að Surtseyjarstofu annars vegar og Vatnshelli í Snæfellsjökulsþjóðgarði hins vegar.

### MARKAÐAR TEKJUR

Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að vera með um 179,7 m.kr. í markaðar tekjur á árinu 2014 og er þar aðallega um að ræða tekjur vegna sölu á veiðileyfum til hreindýraveiða og vegna innheimtu gjalds af veiðikortum. Meirihluta þessara tekna greiðir Umhverfisstofnun út til viðeigandi aðila.

### AÐRAR REKSTRARTEKJUR

Gert er ráð fyrir að stofnunin innheimti um 33 m.kr. í aðrar rekstrartekjur á árinu. Um er að ræða tekjur vegna mengunareftirlits í fyrirtækjum sem stofnunin gefur út starfsleyfi fyrir.

## Helstu liðir

í þúsundum króna	Spá 2013	Áætlun 2014
LAUNAKOSTNAÐUR	567.351	531.998
FUNDIR OG FERÐIR	54.474	50.454
REKSTUR	28.982	28.925
ÞJÓNUSTA	178.601	107.766
HÚSNÆÐI	193.357	249.575
BIFREIÐAR	9.61	7.789
SKATTAR, FJÁRMAGNSKOSTN.	1.593	535
EIGNAKAUP	24.043	7.99
TILFÆRSLUR *	163.156	191.12
REKSTRARKOSTNAÐUR ALLS	1.221.167	1.176.152
TEKJUR ALLS	368.635	332.299
MISMUNUR GJALDA OG TEKNA	852.532	843.852

\* TILFÆRSLUR ERU AÐ MESTU ARÐGREIÐSLUR TIL BÆNDA VEGNA HREINDÝRAVEIÐA OG STYRKIR ÚR VEIÐIKORTASJÓÐI

# Sjóðir í umsýslu stofnunarinnar og stærri verkefni

## HREINDÝRASJÓÐUR

Árlega auglýsir Umhverfissráðuneyti veiðikvóta hreindýra að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem Umhverfissráðherra ákveður. Gjaldið rennur í sjóð sem notaður er til að standa undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða og vöktunar Náttúrustofu Austurlands. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins verði um 131,4 m.kr. sem er svipað og á síðasta ári.

## VEIÐIKORTASJÓÐUR

Allir þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þurfa að afla sér veiðikorts í samræmi við lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikortana og tekur gjald fyrir. Gjaldið rennur í sjóð sem umhverfissráðherra úthlutar úr til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði við útgáfu veiðikortanna. Gert er ráð fyrir að tekjur vegna veiðikorta á árinu 2014 verði um 45 m. kr.

## SKOTVOPNA- OG VEIÐIKORTANÁMSKEIÐ

Stofnunin heldur skotvopna- og veiðikortanámskeið um allt land. Samanlögð velta námskeiðanna á árinu 2014 er áætluð 20,3 m.kr. Veiðikortanámskeiðið er sex tímar bóklegt nám og skotvopnanámskeiðið 10 tíma bóklegt nám og fjögurra tíma verkleg þjálfun á skotvelli.

## ENDURGREIÐSLA TIL SVEITARFÉLAGA VEGNA MINKAVEIÐA

Árlega ákveður umhverfissráðherra viðmiðunartaxta launa refa- og minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða veiðimönnum fyrir veiðarnar. Uppgjörstímabil vegna refa- og minkaveiða er frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir. Sveitarfélög senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar ásamt reikningsyfirliti eftir lok uppgjörstímabils. Umhverfisstofnun endurskoðar reikningana og endurgreiðir til sveitafélaganna miðað við viðmiðunartaxta. Í fjárlögum ársins 2014 er gert ráð fyrir að þetta verði óbreytt varðandi minkaveiðar og er gert ráð fyrir 21,1 m. kr. í þann málaflokk en veitt er 30 m.kr. tímabundin fjárveiting til refaveiða. Forsenda endurgreiðslu ríkisins til sveitarfélags er að gerður verði samningur til þriggja ára í senn sem byggist á áætlun sveitarfélagsins um að lágmarka það tjón til lengri tíma sem refurinn er talinn valda á landsvæði viðkomandi sveitarfélags. Verið er að ganga frá útfærslu þessa verkefnis.



## UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilsstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn  
Patreksfjörður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar